



Borgarráð

Hátún 2, afnotasamningur um borgarland.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi afnotasamning um 371 fermetra borgarland við Hátún 2 við Hvítasunnukirkjuna Fíladelfía Rv. kt. 540169-3739, Hátúni 2, 105 Reykjavík.

Greinargerð: Með erindi umhverfis og skipulagssviðs til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 14. maí 2018 var óskað eftir því að gengið verði til samninga við Hvítasunnukirkjuna Fíladelfíu um tímabundin afnot af lóðarskika sem hefur verið í notkun af hálfu kirkjunnar til fjölda ára en án formlegrar heimildar. Fíladelfía hyggst nýta hið leigða undir aðkomu líkbíls að kirkjunni og stæði vegna starfsemi kirkjunnar. Greitt er fyrir afnotin gegn greiðslu hlutfallslegrar lóðarleigu nærliggjandi lóðar og er samningurinn tímabundinn til 10 ára með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Óli Jón Hertevig

Hjálagt:

Afnotasamningur um borgarland dags. 18.12.2018 ásamt afstöðumynd dags. 4.9.2018

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, (leigusali) Ráðhúsinu í Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík og Hvítasunnukirkjan Fíladelfía Rv (leigutaki) kt. 540169-3739, Hátúni 2, 105 Reykjavík gera með sér svofelldan afnotasamning:

1. *Hið leigða*

Leigutaki tekur á leigu afmarkað borgarland undir aðkomu og stæði vegna starfsemi í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu á lóðarskika sem liggur að lóð Hvítasunnukirkjunnar samtals 371 fermetrar. Lögum þess og lega er sýnd á viðfestu mæliblaði Umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingadeildar, dags. 4.9.2018, sem telst hluti þessa leigusamnings.

2. *Gildistími*

Afnotasamningur þessi er tímabundinn til 10 ára og er gagnkvæmur uppsagnafrestur 6 mánuðir. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila. Leiga greiðist fyrir afnotin sem tekur mið af lóðarleigu Hátúns 2, Reykjavík og er hún kr. 42.200. á ári. Gjaldlagi er einu sinni á ári. Fyrsti gjalddagi er 1. apríl 2019.

3. *Afnot af hinu leigða*

Öll framleiga er óheimil þar með talin gjaldtaka af stæðunum. Leigutaka er heimilt að loka bílastæðunum fyrir almennri umferð á tímabilinu kl. 07:00 – 18:30 á virkum dögum en bílastæðin skulu opin almenningi utan þeirra tímamarka.

4. *Samráð um framkvæmdir*

Samráð skal haft við umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um framkvæmdir og frágang við borgarland sem liggur utan við hið leigða borgarland. Leggja skal verkeikningu af framkvæmdum fyrir skrifstofu framkvæmda og viðhalds, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, til samþykktar áður en ráðist verður í framkvæmdir. Gangi það ekki eftir er afnotasamningur þessi fallinn niður án sérstakrar tilkynningar.

5. *Afhending og skil á afnotasvæði*

Afnotasvæðið afhendist við undirritun samnings þessa og skal því skilað í því ástandi sem það var þegar afnot hófust. Allar framkvæmdir sem ráðist verður í á afnotasvæðinu greiðast af leigutaka.

6. *Riftun*

Brot á 3. og 4.gr. varðar riftun samnings. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrri leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

7. *Varnarþing*

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 18. desember 2018.



f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs


f.h. Hvítasunnukirkju Fíladelfíu

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og hæfi:

Óddvin Helga Óddstotla
 kt. 190781-4165

Ólafur Þorvaldur
 kt. 080501-4165

